

Mál nr. 385/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging.

Gildissvið vátryggingar. Undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

- Málskot móttakið 7. október 2024 ásamt fylgiskjöllum.
- Bréf V dags. 24. október 2024 ásamt fylgiskjali.
- Viðbótarathugasemdir M dags. 26. október 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tjónstilkynningu fékk M slink á bakið þegar hann var að störfum við byggingarvinnu hinn 22. ágúst 2023. Kemur fram að einkennum vegna þessa séu miklir verkir neðarlega í baki og máttleysi í vinstri fæti, og hafi M verið óvinnufær frá slysdegi og fram til 1. apríl 2024. Hefur M krafist bóta úr slysátryggingu sinni hjá M vegna slyssins en V hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að brjós-klos sé undanskilið bótaskyldu samkvæmt skilmála vátryggingarinnar. Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að afleiðingar slyssins sé miklu meiri en bara brjós-klos og þær afleiðingar sem mest hafi háð M séu mátt- og kraftleysi í fætinum sem plagi hann enn rúmu ári eftir slysið. Þá þjáist hann enn af bakverkjum og hafi ekki getað nýtt sér gönguferðir til styrktar og heilsubótar. Þá rekur M í málskoti að hann hafi verið viðskiptavinur V um áratugaskeið og hafi aldrei þurft að leita til félagsins vegna slysa eða veikinda. Hann sé þá ekki að gera miklar kröfur en í öllu falli fari hann fram á sjúkradagpeninga vegna þess tíma sem hann var að öllu leyti frá vinnu, þ.e. frá 22. ágúst 2023 og fram til 1. mars 2024.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í skilmála vátryggingarinnar komi fram að jafnvel þó slys verði talin sönnuð orsök greiði félagið ekki bætur vegna m.a. brjós-kloss. Greining M hafi, samkvæmt göngudeildarskráningu dags. 8. nóvember 2023, verið brjós-klos. Greining á einkennum M sé því undanskilin úr slysátryggingu samkvæmt skilmálum tryggingarinnar, enda skýrt af fyrrgreindu skilmálaákvæði að félagið greiði ekki bætur vegna brjós-kloss.

Álit.

Í skilmála vátryggingar þeirrar sem um ræðir segir m.a. um takmarkanir á bótaskyldu: *Jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök greiðir félagið ekki bætur vegna eftirtalinna sjúkdóma eða sjúklegs ástands: Brjós-kloss, þursabits (lumbago ischias), liðagigtar, slitgigtar eða hvers konar annarra gigtarsjúkdóma.* Verður því að telja að skýrlega komi fram að tjón vegna brjós-kloss sé undanskilið bótaskyldu.

M byggir í málskoti á því að afleiðingar slyssins séu mun meiri en rekja megi til brjós-kloss. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður hins vegar ekki annað séð en að M hafi greinst með brjós-klos og er annarra greininga ekki getið. Hefur M þannig ekki, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, sýnt fram á að einkennum hans sé að rekja til annars en brjós-kloss. Brjós-klos er eins og áður segir skýrlega undanþegið bótaskyldu og verður því að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysátryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir